

## **Tillaga stjórnar SVFA um breytingu á 5. gr. félagslaga. Lögð fyrir aðalfund 11. janúar 2018**

Gildandi grein hljóðar svo:

5. gr. Í stjórn félagsins skulu kosnir 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn árlega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Aldrei skulu kosnir í aðalstjórn nema 2 nýjir meðstjórnendur árlega. Kjósa skal 2 meðstjórnendur til vara og 2 skoðunarmenn. Kosning skal vera skrifleg. Stjórnarkosning skal fara fram á aðalfundi ár hvert. Allir fullgildir félagsmenn eru kjörgengnir til stjórnarkjörs. Formaður kveður til stjórnarfundar er þörf krefur eða þegar þrír stjórnarmenn óska þess. Stjórnarmaður, sem ekki getur sótt stjórnarfund skal kveðja þann varamann er hann vill til að sitja fund í sinn stað. Verði þessu ekki við komið, kveður formaður varamenn eftir atkvæðamagni því, er þeir hafa hlotið við kosningu. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Tillaga að breytingu:

5. gr. Í stjórn félagsins skulu kosnir 3 félagsmenn, formaður, ritari og gjaldkeri. Formaður skal kosinn árlega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Kjósa skal 2 stjórnarmenn til vara og 2 skoðunarmenn. Kosning skal vera skrifleg. Stjórnarkosning skal fara fram á aðalfundi ár hvert. Allir fullgildir félagsmenn eru kjörgengnir til stjórnarkjörs. Formaður kveður til stjórnarfundar er þörf krefur eða þegar tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarmaður, sem ekki getur sótt stjórnarfund skal kveðja þann varamann er hann vill til að sitja fund í sinn stað. Verði þessu ekki við komið, kveður formaður varamenn eftir atkvæðamagni því, er þeir hafa hlotið við kosningu. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

[Hlekkur á lög félagsins inn á svfa.is](http://svfa.is)